

LISTIR

MYNDLIST


Kjarvalsstaðir

-30/60+ SAMSÝNING 27
LISTAMANNAOpið alla daga frá 11–18. Aðgangur
300 kr. Til 25. okt.

HUGMYNDIN að sýningunni, að sýna saman verk eftir listamenn sem eru annars vegar ekki orðnir þrítugir og hins vegar komnir yfir sextugt, kemur kannski á óvart í fyrstu. En í ljósi þeirrar umræðu sem orðið hefur um yfirlitssýningar um myndlist undanfarin ár er hún skiljanleg. Mönnum hefur fundist að „millikynslóðin“, þeir sem eru á bilinu milli þrítugs og sextugs, sé allsráðandi í sýningarflórunni, og þeir elstu og yngstu verða oft útundan. Hér er dæminu snúið við og þaðarkynslóðirnar, sem svo mætti kalla, eru í sviðsljósinu.

Með því að einskorða valið við listamenn yngri en 30 ára eru sýningarstjórum settar ákaflega þröngar skorður, því ef tekið er tillit til þess að þátttakendur hafa verið í skóla og framhaldsnámi og þurft tíma til að koma sér á framfæri, þá eru þeir komnir undir þrítugt. Enda eru allir yngri þátttakendurnir fæddir á árabílinu 1968 til 1973, þar af átta árið 1970, svona til fróðleiks. Af eðlilegum ástæðum er hægara um vik að velja fulltrúa meðal listamanna eldri en sextugt. Af þeim hópi urðu fyrir valinu þau Kristján Davíðsson, Guðmunda Andrésdóttir, Ásgerður Búadóttir, Jóhann Eyfells, Magnús Pálsson og Erró.

Ekki veit ég hver ástæðan er, en svo virðist sem myndlist eldri kynslóðarinnar sé fjölbreyttari en þeirrar yngri, jafnvel þó svo að þeir yngri séu talsvert fleiri, tuttugu og einn talsins. Meðal yngri listamannanna eru mest áberandi innsetningar í ætt við þær sem oft hefur mátt sjá í sölum Nýlistasafnsins undanfarin ár, en það sem fólk myndi kalla „hefðbundið“ málverk eða skúlptúr er varla að finna. Ég geri ráð fyrir að sýningarstjórnir, þeir Kristján Steingrímur Jónsson myndlistarmaður og Ei-



GJÖRNINGAKLÚBBURINN hefur komið því þannig fyrir að eina leiðin til að skyggjast inn í „Hótel Paradís“ er að hoppa sem hæst á trampólíninu við hliðina og skoða spegilkassann ofan frá.

Í leikhúsi listamannsins

ríkur Þorláksson, forstöðumaður Kjarvalsstaða, hafi valið þá sem at-
hyglisverðastir þóttu, en ekki verið
að velja eftir einhverri tiltekinni
línu.

Ég ætla ekki að fara út í saman-
burð milli kynslóða. Þetta er fyrst
og fremst sýning yngri kynslóðar-
innar, enda eru þau mun fleiri, og

Einn af þeim sem mikið velta fyrir sér opinberri persónu listamannsins er Erling P.V. Klingenberg, og hæðist hann að þeirri ímynd sem samfélagið skapar af listamönnum. Erling birtir okkur fjórar mismundandi útgáfur af eigin „persónu“, með því að útbúa útstillingarkassa, þar sem minjagripum úr ævi listamannsins er ætlað að sýna okkur hvernig sjálfsímynd listamannsins er mótuð af kringumstæðum og tíðaranda. Verkið er paródía á glerkassana, sem lengi voru við innganginn að Kjarvalssal, þar sem ýmislegt smálegt úr vinnustofu Kjarvals átti að minna á litríkan karakter hans. Ekki nóg með það, heldur sýnir Erling myndband þar sem gert er enn meira grín að Kjarval og leikur hann þar listamanninn, þar sem hann álpast um dauðadrukkin úti í hrauni, haldinn ofskynjunum í ölvímu, gengur örna sinna, og klessir litum á striga. Heldur er þetta nú aumt grín. Pykir það kannski hámark róttækinnar að gera gys að Kjarval á sjálfum Kjarvalsstöðum?

Fyrirferðarmesta verkið á sýningunni, sem teygir sig yfir stóran hluta gangsins milli sýningarsalanna, er eftir Egil Sæbjörnsson. Verkið er að verulegu leyti „milli þilja“, falið á bak við falskan vegg, en með opi sem snýr út að garðinum. Hér virðist Egill vera að fjalla um subbulegan veruleikann bak við tjöldin, gægjuþörf og feluleiki. En verkið allt er afar sundurleitt og hangir varla saman. Til að kóróna allt er myndband við einn enda gangsins, falið á bak við svart tjald, af listamanninum að fróa sér. Agli er mikið í mun að ganga eins langt og hann getur til að ofbjóða sýningargestum, sem eru tældir inn í dimmt skúmaskot og gerðir að óviljandi gluggagægjum. Frá list-



„TAUSAMFELLUR“ eftir Jóhann Eyfells.

það er list þeirra yngri og óþekktari sem vekur forvitni á þessari sýningu, og mun ég því aðallega fjalla um þeirra þátt.

Þegar litið er yfir myndlist yngri listamanna mætti ætla að myndlist væri að færa sig nær leikhúsinu. Verkin eru sviðsetningar frekar en innsetningar. Sum verkanna á sýningunni gætu allt eins átt heima uppi á leiksviði. Jafnvel Ari Alexander Ergis, sem sker sig úr að því leyti að hann er sá eini sem sýnir málverk, „Mæðrasynir“, drunga-
legar portrettmyndir í djúpbláum lit, sviðsetur sínar myndir á vissan hátt. Sýningargestum er boðið að setja á sig heyrnartól og upplifa þær við undirleik dulmagnaðrar tónlistar, sem á vafalaust að gera þær dramatískari.

Það er einkum listamaðurinn sjálfur, sjálfsímynd hans, mýturnar í kringum hann og samfélags-

legt hlutverk listamannsins sem er algengasta viðfangsefnið hjá yngri listamönnum. Í myndbandi sem fylgir verki Ásmundar Ásmundssonar rekur hann raunasögu seinheppins listamanns, sem verður fyrir því óláni að viðbeinsbrotna rétt um það bil sem hann er valinn til búa til verk fyrir sýningu. Hann tekur til bragðs að biðja þrjá listamenn, „Kiddana þrjá“, Kristín G. Hardarson, Kristján Guðmundsson og Kristín E. Hrafnsson, að láta sig fá tillögur að verkum, sem þeir ætla sér ekki að nota. Á ljósmyndum má sjá hvernig hann (með handlegginn í fatla) leiðbeinir starfsfólki safnsins um uppsetningu á verkum kollega sinna. Þannig má segja að Ásmundur hafi tekið orðtakið „að fá lánað“, þegar talað er um að vera undir áhrifum frá öðrum listamanni, mjög bókstaflega.

rænu sjónarmiði kemur þetta manni fyrir sjónir sem lítið annað en ódýr brella. Og þeirri hugsun skýtur upp í kollinn hvort listamaðurinn hafi ekki meiri trú á því sem hann er að gera en svo að honum finnist hann þurfa að beita slíkum brögðum. Hér er a.m.k. ekki verið að brjóta neitt blað, fyrir u.þ.b. þrjátíu árum lá Vito Acconci undir gólfjöllum í sýningarsal í New York og fróaði sér á staðnum, og það er lítill vandi að nefna listamenn sem á undanförunum árum hafa lagt fyrir sig pornógrafi, þar á meðal Jeff Koons og bræðurnir Chapman. Er pornó síðasta hálmstrá listamanna í örvæntingarfullri leit að hneykslunarefni? Það verður að virða það við Kjarvalsstaði að þeir hafa látið Agli það eftir að setja upp þetta útbólga og misheppnaða verk, og hvergi reynt að ritskoða það, jafnvel þótt það verði

MYND EFTIR ÁGÚST GUÐMUNDSSON

„Fólk sem vill skemmta sér vel og auðga andann fer að sjá Dansinn“

★★★★★
OHT Rás 2

DANSINN

Það er boðið til brúðkaups og á örmárrí eyju í ógnþrungnu Atlantshafinu á að dansa í þrjá daga, nema ske kynni að: Brúðurin sé ekki búin að gera upp hug sinn, breski togarinn Goodwoman strandi og sumir deyi en aðrir ekki, klerkarnir ærist og heimti jarðarför í brúðkaupinu, ástin og djöfullinn kyndi undir stórbruna í hjörtum gestanna, brúðinni verði rænt...

Sannast þá hið fornkveðna
að enginn dansar ófullur nema snarvitlaus sé.
(Nemo saltat sobrius nisi valde insanit.)

HÁSKÓLABÍÓ

LISTIR

að teljast á mörkum velsæmis fyrir opinberan samkomustað.

Stelpurnar fjórar í Gjörninga-klúbbnum (The Icelandic Love Corporation) brjóta upp þrúgandi andrúmsloft safnsins með verki sem ekki verður upplifað nema með leikfimisæfingum áhorfandans. Sýningargestir verða að hoppa á trampólíni hátt í loft upp til að sjá ofan í kassa, sem hefur verið innréttaður sem hótélherbergi, „Hótél Paradís“. Að utan er ekkert að sjá nema spegilklaðdir veggir, sem eru of háir til að hægt sé að sjá yfir þá. Þeir sem ekki eru tilbúnir að hoppa sjá ekkert nema eigin spegilmýnd. Í sýningarskrá er að finna tilvitnunina „Það er alltaf að verða mikilvægara og mikilvægara að þekkja listamanninn“, sem gefur kost á að túlka verkið sem táknsögu um persónu listamannsins: áhorfendur verða að leggja á sig himinhá heljarstökk til að komast að því hvernig listamaðurinn er í raun innréttadur, bak við speglað yfirborðið. Hótél Paradís, sem menn láta sig dreyma um, er hins vegar lítið annað en ósköp venjulegt þriðja flokks gistihús.

Pannig er í mörgum verkanna einhver meinleg fyndni á ferðinni. En þetta er ekki fyndni sem er sprottin af lífsgleði og kátínu, heldur miklu fremur af ólund, sem virðist hafa snúist upp í kaldhæðna fyrirritningu á blekkingarleik listarinnar, listasöfnum og menningarumhverfi listamannsins. Það er eins og þessu unga fólki sé í mun að sannfæra okkur um, hvað sem það kostar, að það stendur ekki neitt annað til boða en flatneskja hversdagsleikans, að listin sé ekkert annað en hillingar og listasafnið sirkus.

Fyrirmyndir að leikhús-myndlist af þessu tagi má víða finna, t.d. hjá listamönnum eins og Rússanum Ilya Kabakov og Bandaríkjamönnum Mike Kelley og John McCarty. En upprunalegu fyrirmyndina að mörgu af því sem yngir hópurnir eru að gera er að finna hjá jafnöldrum eldri listamannanna, hjá Flúxus-hreyfingunni og öðrum liststefnum sem komu fram um svipað leyti, upp úr 1960. Einn af öldungunum, Magnús Pálsson, tilheyrir þeim hópi og það er fróðlegt að bera saman verk hans og þeirra yngri. Reyndar hélt ég fyrst að þar færi einhver ungliðinn, en Magnús er með ólíkindum ferskur og síungur listamaður, sem hefur hvergi slegið slöku við. Enda var ósvikin lífsgleði og hjartasýni yfirleitt aðalsmerki Flúxushreyfingarinnar á sínum tíma.

Magnúsi hefur þó oft tekist betur upp og ég hefði frekar viljað sjá nýlegt myndband hans, í leikstjórn Eyvindar Erlendssonar, sem sýnt var í Nýlistasafninu ekki alls fyrir löngu, „Eyetalk II“. Það er líka vert að minnst á Jóhann Eyfells, sem hefur búið á Flórída um áratugaskeið og vill stundum gleymast, en í ganginum hangir uppi magnað verk, „Tausamfellur – Mót“, frá 1994, sem eru stórir taudíkar sem hafa legið undir fargi af jarðefnum og málum og verið látnir veðrast.

Kjarvalsstaðir hafa staðið myndarlega að sýningunni og hvergi dregið undan, og sýningarstjórar hafa gætt þess að gera hlut yngri kynslóðarinnar sem veglegastan. Reyndar er jafnvægis ekki gætt, en ef til vill hafa sýningarstjórar viljað forðast að eldri listamennirnir skygðu á þá yngri, með þverföguum afleiðingum. Sýningarskráin hefur að geyma fjöldann allan af myndum, formála eftir Halldór Björn Runólfsson og kynningu á listamönnum. En það hefði verið fróðlegt ef tækifærið hefði verið notað til að fá listamennina til að lýsa eigin viðhorfum til listar sinnar og annarra. Sýningarskrá er kjörinn vettvangur fyrir listamenn að koma skoðunum sínum á framfæri og getur þar að auki verið góð heimild um umræðuna á hverjum tíma.

Gunnar J. Árnason

Orgelharmonikka

TÓNLIST

Gerðuberg

HARMONIKKUTÓNLEIKAR

Tatu Kantomaa flutti umritanir á klassískum verkum og hefðbundin harmonikkulög. Laugardaginn 3. október.

„HARMONIKKAN einasta yndið mitt er“ var einu sinn sungið og er þetta vísubrot ekki fjarri lagi, því „fátt var svo til gamans gert“ hér áður fyrr í dansi og öðrum mannfagnaði, að harmonikkann væri þar fjarri góðu gamni. Nokkuð er sagan fáorð um uppruna þessa alþýðuhljóðfæris en nafnið „accordion“ kemur fyrst fram 1829, í sambandi við einkaleyfi Vinar-Armenans Cyrills Demians á belg-hljóðfæri með fimm bassatökkum, sem á mátti leika tíu hljóma, er var nýjungin fyrir þetta hljóðfæri. Nafnið „Harmonica“ á hljóðfærinu mun harpa er sagt eiga sér þann uppruna, að Christian F.L. Buschmann (1805–64) hafi fengið hugmyndina að munnbáslnu orgeli, er hann var að smíða stilliflautur á verkstæði föður síns, sem var orgelstillari. Christian Messner og Matthias Hohner voru um langt skeið nær þeir einu sem framleiddu munnhörpur og voru einnig frægir fyrir hamonikkur sínar.

Consertina eða Konzertina var fyrst notuð af Carli Fr. Uhlig, árið 1834, og þá var form þess rétt-hyrnt. Sama form var einnig notað af Heinrich Band (1846) en hann breytti tónskipan hljóðfærisins og segir þjóðsagan, að Íri nokkur hafi haft þetta hljóðfæri með sér til Argentínu, þar sem það varð sérlega vinsælt tangó-hljóðfæri. Sextrendingslagið er rakið til Charles Wheatstones og samstarfsmanns hans, Johanns Matthias Strohs (1851). Hljóðfæri þeirra var upphaflega kallað „melophone“ og vinsældirnar má m.a. rekja til þess að tónskipanin var tvöföld, svo að sami tónninn hljómaði á út- og innsogi.

Til skamms tíma var tónskipanin og hljómkerti bassans það sem hindraði notkun hljóðfærisins í klassískri tónlist, en nú eru framleiddar harmonikkur þar sem hægt er að leika án bundinnar hljómskipunar. Hljóðfærið sem Kantomaa lék er á þesslegt, auk þess að vera byggt með sub-bassa og stærra hljómborði og því mun stærra og þyngra í meðförum en venjulegar harmonikkur. Á þessa stóru nikku lék Kantomaa Austurias eftir Albeniz, Valse triste eftir Sibelius og Oblivion eftir Piazzolla ásamt harmonikkuverkum eftir minna þekkt tónskáld og Lýriskan vals eftir óþekktan höfund, fallegt lag, sem var sérlega finlega flutt. Það

háði Kantomaa nokkuð að hann er ekki búinn að ná fullum sáttum við þetta mikla hljóðfæri, þótt það hafi ekki dulist neinum, að hér er á ferðinni frábær flytjandi.

Eftir hlé lék Kantomaa á venjulega nikku, nokkra „standarda“ eins og La Mariposita og Carmelita, bæði eftir Pietro Frosini, og tvö þekkt lög eftir Pietro Deiro, Elvira og Heimkoma Pietros, og skemmtilega ungverska útleggingu eftir Viljo Vesterinen. Í öllum þessum lögum var leikur Kantomaa aldeilis glæsilegur, bæði hvað snertir tækni og fallega tónmyndun. Svo aftur sé víkið að hljóðfærinu sem notað var á fyrri hluta tónleikanna verður fróðlegt að fylgjast með Kantomaa, er hann hefur fullmótað leik sinn á þetta völduga hljóðfæri, sem hvað hljómvídd minnir á orgel og mætti vel hugsa sér að orgeltónlist frá barokktímanum hæfði þessu hljóðfæri mjög vel, t.d. Tokkata og fúga í d-moll, sem er eignuð J.S. Bach. Hvað sem þessu líður er hér um að ræða hljóðfæri, sem er í allt öðrum gæðaflokki en venjulegar nikkur, eins konar orgelharmonikka, hljóðfæri er sómir sér í allri tónlist og býður upp á margvíslega tómyndunar- og tæknimöguleika, umfram það sem gerist á venjulegar nikkur.

Jón Ásgeirsson

Baldnar systur bregða á leik

LEIKLIST

Möguleikhúsið

SNUÐRA OG TUÐRA

eftir Iðunni Steinsdóttur. Höfundur leikgerðar og söngtexta: Pétur Eggerz. Leikstjóri og höfundur leikmyndar: Bjarni Ingvarsson. Leikarar: Drífa Arnþórsdóttir og Linda Ásgeirsdóttir. Tónlist: Vilhjálmur Guðjónsson. Búningar og brúðugerð: Katrín Þorvaldsdóttir. Möguleikhúsið við Hlemm. 3. október

SNUÐRA OG TUÐRA er leikþáttur ætlaður yngsta áhorfendahópnum (2–9 ára) sem er byggður á sögum eftir Iðunni Steinsdóttur. Pétur Eggerz, leikhússtjóri Möguleikhússins, er höfundur leikgerðarinnar sem samanstendur af þremur „frásögum“ af þeim systur: þegar Snúðra meiddi sig, þegar þær gáfu fót foreldra sinna í Afríkusöfnun og þegar þær fóru í sveitina og dattu í fjóshauginn. Þessi atvikið eru síðan tengd saman með lýsingum á daglegu lífi systrana, mestmegnis lýsingum á því hvernig þær rifast um dótið sitt og eru foreldrum sínum erfiðar.

Það eru þær Drífa Arnþórsdóttir og Linda Ásgeirsdóttir sem fara með hlutverk systrana. Báðar teljast þær til yngstu kynslóðar íslenskra leikara og báðar hafa þær sýnt ágæta takti á gamanleik, Drífa í uppsetningu Lundúnaleikhópsins á Margréti miklu eftir Kristínu Ómarsdóttur í hitti-fyrri og Linda í Uppstoppaður hundur eftir Staffan Göthe, sem var lokaverkefni Nemendaleikhússins í vor sem leið.

Hæpið er að segja að hlutverk Snúðru og Tuðru geri miklar kröfur til leikaranna tveggja, atferli þeirra felst aðallega í ýktum ólátum, hamslausri kátínu og grátviprum, þar sem það á við. Þær Drífa og Linda fóru léttilega með þetta og náðu þær vel til hinna ungu áhorfenda, þótt örfáum vel upp öldum börnum þætti greinilega nóg um ólætin í þeim á köflum.

Katrín Þorvaldsdóttir hefur hannað litríka og sniðuga búninga systrana og hún gerir einnig brúður sem notaðar eru á skemmtilegan hátt í sýningunni. Samvinna brúðuleiks og „leikaraleiks“ var vel útfærð og einnig var nýting á leikmynd skemmtileg og óvenjuleg. Það er Bjarni Ingvarsson, leikstjóri, sem á heiðurinn af leikmyndinni sem samanstendur af kommóðu og tré-kubbum sem snúa má á alla kanta eftir þörfum. Leikurinn er síðan kryddaður með nokkrum sönglögum eftir Vilhjálmi Guðjónsson sem voru létt og grípandi eins og við á í barnasýningu.

Snúðra og Tuðra er barnasýning sem hönnuð er með það fyrir augum að hægt sé að ferðast með hana á milli staða og vafalaust eiga hinar böldnu systur eftir að kæta marga krakka á leikskólum landsins í vetur.

Soffía Auður Birgisdóttir

Brot af mörgum sögum

Í gömlu bindingsverksbakhúsi við Studiestræde í Kaupmannahöfn hefur Steinunn Þórarinsdóttir myndhöggvari raðað upp sögum sínum, eins og **Sigrún Davíðsdóttir** sá er hún leit þar við.

HVÍTKALKAÐIR veggirnir í gamla bindingsverksbakhúsinu við Studiestræde veita heillandi bakgrunn fyrir brotakennd verkin, sem unnin eru í ýmis efni. Ekki svo að skilja að verkin sýnist ekki heildstæð eða heil, heldur segist Steinunn Þórarinsdóttir myndhöggvari sjálf líta á verkin sem brot. „Þetta eru sögubrot,“ segir hún. „Brot af sögu minni, af ýmsum sögum, frásagnir, en kannski meira huglægar en hlutlægar,“ bætir hún við hugsi er hún svipast um á þessari fyrstu sýningu sinni í Danmörku. Sýningin stóð út september í Galleri Krebsen, þar sem Tryggvi Ólafsson hefur oft sýnt áður. Það var einmitt Tryggvi, sem kom Steinunni á framfæri við gallerið er hann sýndi þeim bækling með verkum hennar.

Mest af verkunum er unnið fyrir sýninguna í Höfn, sem fer síðan áfram til Kristiansstad í Svíþjóð. Sýninguna segist Steinunn hafa unnið með rýmið í huga, en á sýningunni eru flest verkin ný. Þetta er fyrsta sýning Steinunnar í Danmörku, en hún lærði í Bretlandi og á Ítalíu, svo Norðurlöndin hafa verið nokkuð utan hennar sjóndeildarhrings. Ítalíu hefur hún svo heimsótt aftur, segist lengi hafa haft áhuga á gamalli list og það hafi vafalaust átt sinn þátt í að hún kaus að halda til Ítalíu á sínum tíma og halda svo áfram tengslum við landið. List, sem einmitt er oft aðeins varðveitt í brotum. „Það styrkti mig í að vinna brot af sögum og veitti mér mikinn innblástur,“ segir Steinunn.



Morgunblaðið/Sigrún Davíðsdóttir

MADURINN og mannslíkaminn hefur verið myndhöggvaranum, Steinunni Þórarinsdóttur, stöðugt viðfangsefni.

Maðurinn og ógnandi andi

Maðurinn og mannslíkaminn hefur verið Steinunni stöðugt viðfangsefni. „Maðurinn og umhverfi hans,“ segir hún, þegar yrkisefnin ber á góma. „Ég kem endalaust auga á nýja fleti þess.“ En andstætt ákveðinni festu í viðfangsefni þá er efnisnotkunin mjög fjölbreytileg. Í verkum Steinunnar getur að líta gips, pottjárn, blý, ál og gler. Efnið segist hún velja eftir því hvað henni finnst eiga best við hverju sinni. Hugmyndir sínar skissar hún á blað. Sumum hendir hún eins og gerist og gengur, en þeim sem henni finnst hæfa í því við verk velur hún efni við hæfi. Efni, sem hentar framkvæmdinni, hugmyndinni, lit og öðru, sem skiptir máli. „Efnið fer eftir hvaða áhrifum ég sækist eftir,“ segir hún.

Verk Steinunnar eru ýmist sérir eða stök verk, sem þó eru oft með sama tema, sem strax kemur í ljós utan dyra, þar sem tvær mannsfigúrur í áli standa andspænis hvor annarri, en horfa þó framhá hvor annarri. Þegar inn er komið blasa við fjögur höfuð úr pottjárn og gleri, „Spegln“. Tvö

og tvö snúa þau saman. Í öðru tvíeykinu gengur glerlag í gegnum höfuðið þar sem munnurinn ætti að vera, í hinu gengur glerlagið í gegn þar sem augun ættu að vera. Glerið gefur yfirbragð þess að það sé bundið fyrir munninn og augun, svo áhrifin eru ekki laus við óhugnað og ógnun. Þessi tilfinning er ekki vakin af því listakonan leiti uppi dökkar hliðar tilverunnar, heldur af því að einföld verk hennar vísa í margar áttir.

Við hliðina á höfðunum fjórum er „Móðir“ úr gipsi. Klassísk uppstilling konu, þar sem aðeins brjóstin gefa kynið til kynna, vekur hugrenningar til klassískrar listar, en móðirin, sem heldur höndunum í vaggandi stellingu, hefur ekkert barn. Uppi á lofti er „Rauður þráður“ þar sem efri hluti konu sveiflar rauðryðuguðum þráð, sem smitar rauðum lit á kvenlíkamann.

Þetta er aðeins brot af hugmyndaheimi Steinunnar. Hugmyndaheimi, sem bæði skírskotar til klassískrar listar og samtímans í heillandi samspili, sem gefur skoðandanum tækifæri til hugrenningar í fjöldamargar áttir. Hið einfalda yfirbragð lumar á mörgu.